

# Litli, sæti krabbinn

Lítill, sætur krabbi  
á hafsbotninum bjó  
með fullt af öðrum sjávardýrum  
langt úti á sjó.



*Og litli krabbinn hló  
og sagði: "Nú er nóg!  
Ef þú kemur nálægt mér  
ég klíp með krabbakló!"*

En veiðimaður nokkur  
í krabbann vildi ná  
Og fyrr en varði krabbinn  
í netinu lá.



*En litli krabbinn hló  
og sagði: "Nú er nóg!  
Ef þú kemur nálægt mér  
ég klíp með krabbakló!"*

Krabbinn fór í pottinn  
og vatnið það var heitt  
en litli, sæti krabbinn  
hann brosti bara breitt.



*Já, litli krabbinn hló  
og sagði: "Nú er nóg!  
Ef þú kemur nálægt mér  
ég klíp með krabbakló!"*